

# Lestrarstefna Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri



Umsjón: Sædís Ósk Harðardóttir

Daði V. Ingimundarson

## Efnisyfirlit

### 1. Lestrarstefna Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

#### Skilgreiningar

Læsi

Lestur

Málskilningur

Hlustunarskilningur

Lesskilningur

Lestrarferlið

#### Lestarkennsluaðferðir

Lestarkennsla í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri

#### Mismunandi lestur

Viðmið í lestri

Heimalestur

Lestur í skóla

Lestrarörðugleikar

Lestrarpróf, skimanir og önnur þroskaþróf í 1. - 10.bekk

1.bekkur

2.bekkur

3.bekkur

4.bekkur

5.bekkur

6.bekkur

7.bekkur

8.-10. bekkur ?

# 1. Lestrarstefna Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Lestrarstefna Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri miðar að því að efla lestarfærni nemenda Barnaskólans, efla faglega þekkingu starfsmanna á lestrarkennsluaðferðum, samræma vinnubrögð er viðkoma lestri og lestrar-kennslu og efla heimilin til þátttöku.

## Skilgreiningar

### **Læsi**

Læsi felur í sér frumþætti móðurmálsins, *tal, hlustun, lestur* og *ritun*. Að verða læs þýðir að skilja og ráða yfir færni sem byggir á öllum þessum þáttum. Læsi er sífellt mikilvægara í nútíma samfélagi. Í Aðalnámskrá segir að góð lestarfærni sé nauðsynleg til að menn geti tekið fullan þátt í lýðræðisþjóðfélagi. Lestarkunnátta er undirstaða almennrar menntunar. Lestur, samkvæmt orðabók Máls og menningar, er það að ráða úr leturtáknum þannig að úr verði samfellt mál, orð og setningar. Lestur er því samspil milli lesandans og hins ritaða orðs.

### **Lestur**

Lestri má skipta í tvo meginþætti, *umskráningu* og *lesskilning*. Lestrarferlið er því samspil þessara tveggja þátta. Ef umskráningu er ábótavant þ.e. barnið getur ekki ráðið úr táknum þá á lestur sér ekki stað. Sama má segja um lesskilninginn, ef barnið nær engum skilningi úr umskráningunni þá má einnig segja að lestur eigi sér ekki stað í þeirri merkingu sem um getur hér að ofan því lesturinn hefur enga þýðingu fyrir barnið. Þó umskráning sé aðeins einn þáttur í lestrinum er góð og örugg umskráning í raun forsenda góðs lesskilnings.

### **Málskilningur**

Í málskilningi felst færni í að hlusta á og skilja talað mál. Málproski barns sem er að hefja skólagöngu er lang oftast kominn á það stig að barnið er orðið altalandi og hefur orðaforða upp á um 8 – 14 þúsund orð. Málproski þróast á löngum tíma og í samskiptum barnsins við annað fólk.

### **Hlustunarskilningur**

Er skilningur á mæltu máli sem einstaklingurinn hlustar á. Hann byggir á málskilningi og málproska almennt.

## Lesskilningur

Samkvæmt rannsóknum hefur það komið í ljós að samhengi texta hjálpar nemendum mjög mikið í byrjendalestri. Það virkar sem nokkurs konar “hækja” fyrir nemendur þ.e.a.s. ef þeir hafa ekki náð fullkomnu valdi á umskráningunni. Þeir nemendur sem eru slakir í umskráningu texta nota sér samhengi texta þrisvar sinnum meir en þeir nemendur sem ná umskráningunni vel. Þetta segir okkur það að vanda þarf vel val á texta sem börnum er fenginn til að lesa. Lesskilningur þróast á löngum tíma líkt og lestrarferlið.

## Lestrarferlið

Með lestrarferli er átt við þá hugarstarfsemi sem á sér stað við lestur. Lestrarferlinu má lýsa þannig að þegar lesarinn sér bókstaf eða orð á blaði þá taka augun “mynd” sem heilinn tekur síðan við og vinnur úr áreitinu. Hversu hratt sú úrvinnsla gengur fer síðan eftir lestrarfærni þess sem les. Hjá börnum sem eru að hefja lestarnám og þeim sem eru slakir í lestri gengur þessi úrvinnsla hægar fyrir sig. Ef þau þekkja ekki orðið þurfa þau að brjóta það niður í einingar þ.e. bókstaf fyrir bókstaf, hljóð fyrir hljóð og þannig reyna að átta sig á merkingunni. Því er talað um tvær leiðir innan lestrarferlisins, *bein* og *óbein* leið. Sá sem þekkir orðið þegar hann les það notar beinu leiðina, orðið er lesið sem heild. Sá sem þarf að brjóta orðið niður í smærri einingar fer hina óbeinu leið, hver eining orðsins er skoðuð og tengd saman.

## Lestarkennsluaðferðir

Í lestarnámi er barnið að fást við allt í senn, umskráningu á hljóðum í tákni, tæknilega færni og málskilning. Fræðimenn hafa sett fram þrens konar lestrarlíkön, *Samtengjandi aðferðir*, *sundurgreinandi aðferðir* og *samvirknilíkanið*. Munurinn á þessum aðferðum liggur helst í því í hvaða röð er unnið úr ýmsum táknum textans allt eftir því hvað er álitid forsenda lestrar.

- **Samtengjandi aðferðir.** Í þessum aðferðum er byggt á einingum málsins í upphafi kennslunnar. Einingar málsins, bókstafirnir og máhljóðin eru tengd saman í stærri og stærri heild. Þess vegna eru stafirnir kenndir fyrst og þeir síðan látnir mynda heildir, atkvæði, orð og setningar. Stöfunar- og hljóðaaðferðin tilheyrja þessum flokki.
- **Sundurgreinandi aðferðir.** Hér er byrjað á því að kenna heil orð eða setningar. Síðar þegar kennt hefur verið vissst magn af orðum og setningum er farið að greina þessar heildir í sundur í stafi, hljóð og atkvæði. Lestur einstaklingsins stjórnast af merkingarleit og þannig stjórnar hann lestrarferlinu. Aðferðir sem tilheyrja þessum flokki nefnast orðaaðferð og setningaaðferð. Þekktust þessara aðferða er líklega LTG – lestur á talmálsgrunni.

- **Samtengjandi aðferð – samvirknilíkanið.** Í þessari aðferð er gert ráð fyrir samvirkni þátta úr báðum fyrrnefndum aðferðunum. Hljóðaaðferðin og LTG fléttast saman. Lestrarferlið byggir jöfnum höndum á þekkingu og reynslu lesarans og letureiningum þ.e. stöfum og hljóði til að ná merkingu textans.

## Lestrarkennsla í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri

Grunnlestarkennsluaðferð skólans er hljóðaaðferð.

Með hljóðaaðferðinni er byrjað á því að kenna stafi og hljóð. Hver stafur hefur sitt hljóð og næsta skref er að tengja saman hljóðin og mynda orð. Hljóðaaðferðin er talin hafa ýmsa kosti. Þessir eru helstir:

- Aðferðin hentar einkar vel í hópkenndu og er fljótverk.
- Þar sem stafsetning er til þess að gera hljóðrétt reynist aðferðin vel
- Seinfærum börnum er hún happadryggt til árangurs

## Mismunandi lestur

### ***Raddlestur.***

Raddlestur er sá lestur sem lesinn er upphátt en andstætt honum er hljóðlestur. Með raddlestri:

- er mögulegt að greina og meta gæði lestrar
- þjálfast nemendur í framsögn
- þjálfast nemendur í hlustun

Raddlestur í bekkjaraðstaðum getur verið sumum nemendum erfiður og kallað fram kvíða og óöryggi hjá einstaka nemendum. Því ber að taka tillit til aðstæðna hvers og eins. Raddlestur gerir kröfur um jafnan en takmarkaðan leshraða, einkum þegar lesið er fyrir áheyrendur. Slíkur lestur, sem í raun er upplestur, lýtur sérstökum lögmálum um hrynjandi og framkomu. Þjálfun í raddlestri tengist framsagnarþjálfun.

### ***Hljóðlestur***

Byrjendur í lestri lesa almennt upphátt á meðan þeir eru að þjálfu tæknilega hlið lestrarferlisins. Eftir því sem lestrarfærnin eykst fara nemendur að lesa meira í hljóði. Með hljóðlestri:

- Auka börnin leshraða sinn
- Gefst börnunum tækifæri til að lesa á sínum hraða

- Þjálfast börn í að einbeita sér og úthald við lesturinn eykst
- Málskilningur styrkist og orðaforði eykst
- Það verða framfarir í lesskilningi
- Læra börn að njóta og lifa sig inn í efnið og setja sig í spor annarra.

### **Nákvæmnislestur**

Nákvæmnislestur byggir á því að lesa hvert orð. Hraðinn er mismunandi eftir því hvað er lesið. Þar sem lestur er virkt ferli er mikilvægt að lesandinn velti alltaf fyrir sér hver sé tilgangurinn með lestrinum. Hvernig hann ætli að nota hann, skoða textaupbyggingu og leita að lykilordum sem geta auðveldað honum skilning. Nákvæmnislestur krefst greinandi hugsunar við túlkun og mat á efninu og því er leshraðinn minni en þegar lesið er í hljóði.

### **Yfirlestur**

Yfirlestur er notaður við t.d. lestur tímarita og dagblaða og er þá oftast lesið hratt. Þegar textinn er þungur er algengt að lesa þurfi textann aftur.

### **Leitarlestur**

Leitarlestur er notaður til að finna ákveðnar upplýsingar í texta t.d. í orðabók, verðlista og símaskrá. Lesandinn rennir augunum yfir textann þar til hann finnur það sem hann leitar að og les þá vandlega yfir til að vera viss um að hafa réttar upplýsingar.

### **Lesfimi**

Lesfimi er samsett færni sem felst í leshraða, lestrarnákvæmni, áherslum og hrynjandi í lestri. Fjölmargar rannsóknir sýna að sterk tengsl eru milli lesfimi og lesskilnings og með því að bæta lesfimi nemenda eflist lesskilningur jafnframt.

### **Lesfimi viðmið**

Lesfimi viðmið eru sett þannig fram að þau sýna stíganda í færni nemenda frá einum bekk til annars. Þetta eru almenn viðmið fyrir nemendur í hverjum árgangi sem endurspeglar þær kröfur sem þeir þurfa að mæta á næstu stigum náms. Lesfimi er mæld sem rétt lesin orð á mínútu.

## Viðmið í lestri - lesfimi

Meðfylgjandi tafla sýnir þau viðmið sem nemendur Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri stefna að. Orðafjöldi miðast við færni í lok hvers skólaárs.

**Tafla 1.** Maí viðmið fyrir lesfimiþróf *Lesferils* – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Í lok hverrar annar er niðurstöðum lestrarprófa safnað saman og staðan tekin. Metið er hvernig gengur að ná markmiðum áætlunar í lesfimi og áætlun gerð um áframhaldið.

## Heimalestur

Stefna Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri í heimalestri er sú að nemendur lesi daglega heima á meðan þeir eru að ná valdi á lestrinum. Síðar eiga nemendur að lesa heima a.m.k fimm sinnum í viku 15 mínútur í senn. Mikilvægt er að lesa heima upp allan grunnsólann. Nauðsynlegt er að hvetja börn til lesturs góðra bóka. Lestur á að vera börnum góð afþreying.

## Lestur í skóla

Staða barna í lestri er misjöfn og nauðsynlegt er að þau fái verkefni við hæfi hvers og eins. Nauðsynlegt er að nemendur lesi sem oftast í skólanum upphátt og í hljóði og að sá sem hlustar kvitti fyrir í viðeigandi bók. Nemendur sem lesa undir viðmiði árgangs þurfa helst að lesa daglega upphátt í skóla eða að lágmarki þrisvar sinnum í viku.

## Lestrarörðugleikar

Ef kennsla skilar barninu ekki árangri og kennara finnst erfitt að átta sig á hvað þarf til þess að lestrarfærni barnsins styrkist er nauðsynlegt að leita eftir aðstoð s.s. hjá öðrum umsjónarkennurum, sérkennara eða ráðgjöfum Skólaþjónustu Árborgar. Samvinna við foreldra er nauðsynlegur hlekkur í þessu ferli.

Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um að þótt barnið sé farið að lesa á ásættlanlegum hraða er ekki þar með sagt að lesturinn sé í lagi. Lestur felur ekki aðeins í sér umskráningu stafa og orða heldur byggir hann einnig á málskilningi barnsins. Slök umskráning og góður málskilningur, góð umskráning og slakur málskilningur eða slakur málskilningur og slök umskráning geta valdið lestrarörðugleikum í ýmsum myndum. Kennsla barna með erfiðleika í lestri fer eftir orsökum örðugleikanna. Barn með slakan málskilning en góða umskráningu fær kennslu sem miða að því að auka málskilninginn. Þau börn sem eru bæði með slakan málskilning og slaka umskráningu þurfa að öllu jöfnu að vinna eftir einstaklingsnámskrá. Áhugaleysi nemenda og ónóg þjálfun getur leitt til þess að einstaklingur greinist síðar meir með leshömlun.



## Lestrarpróf, skimanir og önnur þroskaþróf í 1. – 10.bekk

### 1 .bekkur

Mánuður	Námsmat í 1.bekk	Umsjón / framkvæmdaraðilar
Ágúst	Hljómprófin	Niðurstöður koma úr leikskólum
September	Tove Krogh MOT hreyfiþroskaþróf stafakönnun Lesferill	Sérkennari Íþróttakennari/sérkennari/ þroskaþjálfari Umsjónarkennari/sérkennari sérkennari
Október	Leið til læsis - skimun	Sérkennari
Nóvember	Stafakönnun	Umsjónarkennari/sérkennari
Desember		
Janúar	Hljóðfærni Lesferill	Sérkennari Sérkennari
Febrúar		
Mars		
Apríl		
Mái	Lesferill	Sérkennari

### 1. bekkur - athuganir og viðmið

	Viðmið		
<b>Athuganir</b>			
Tove Krogh			
Hreyfiþroskaþróf			
	90 %	50%	25%
Lesfimiþróf í maí	20 orð	55 orð	75 orð

## 2. bekkur

Mánuður	Námsmat í 2. bekk	Umsjón
Ágúst	Stafakönnun	Umsjónarkennari/sérkennari
September	Hraðapróf/lesferill	Sérkennari/umsjónarkennari
Október		
Nóvember	Lesskilningspróf	Umsjónarkennari
Desember		
Janúar	Lesferill/hraðapróf	Sérkennari/umsjónarkennari
Febrúar		
Mars		
Apríl		
Mái	Lesferill/hraðapróf Lesskilningspróf	Sérkennari/Umsjónarkennari Umsjónarkennari

## 2. bekkur - athuganir og viðmið

	Viðmið		
Athuganir			
	90%	50%	25%
Lesfimiþróf	40 orð	85 orð	100 orð

## 3. bekkur

Mánuður	Námsmat í 3. bekk	Umsjón
Ágúst		
September	Lesferill/hraðapróf	Sérkennari/umsjónarkennari
Október		
Nóvember	Lesskilningspróf/Orðarún	Umsjónarkennari

	Talnalykill - hóppróf	Sérkennari
Desember		
Janúar	Lesferill/hraðapróf Logos-skimunarpróf	Sérkennari/umsjónarkennari sérkennari
Febrúar		
Mai	Lesferill/hraðapróf Lesskilningspróf/Orðarún	Sérkennari/umsjónarkennari Umsjónarkennari

### 3. bekkur - athuganir og viðmið

	<b>Viðmið</b>		
<b>Athuganir</b>	<b>A hópur - slakur</b>	<b>B hópur – miðlungs</b>	<b>C hópur - sterkur</b>
Lesskiln.próf í nóv.	0 - 30 %	31 – 59 %	60 – 100 %
Lesskiln.próf í maí	0 – 30 %	31 – 59 %	60 – 100%
	90%	50%	25%
Lesfimiþróf	55 orð	100 orð	120 orð
Logos	>15 röð		

### 4. bekkur

<b>Mánuður</b>	<b>Námsmat í 4.bekk</b>	<b>Umsjón</b>
Ágúst		
September	Lesferill/hraðapróf Samræmd próf	Sérkennari/umsjónarkennari Umsjónarkennari/stjórnendur
Október		
Nóvember	Orðarún Lesskilningspróf	Sérkennari/umsjónarkennari Umsjónarkennari
Desember		
Janúar	Lesferill	Sérkennari/umsjónarkennari
Febrúar		
Mars		

<b>Apríl</b>		
<b>Maí</b>	Lesferill Lesskilningspróf	Sérkennari/umsjónarkennari Umsjónarkennari

## 4. bekkur - athuganir og viðmið

	<b>A hópur - slakur</b>	<b>B hópur - miðlungs</b>	<b>C hópur - sterkur</b>
Samræmd próf í september	Undir 0 –4	5 – 7	Yfir 7
Lesskiln.próf í nóv.	0 – 30 %	31 – 59 %	60 – 100%
Lesskiln.próf í maí.	0 – 30 %	31 – 59 %	60 – 100%
	90%	50%	25%
Lesfimiþróf	80 orð	120 orð	145 orð

## 5. bekkur

<b>Mánuður</b>	<b>Námsmat í 5.bekk</b>	<b>Umsjón</b>
<b>Ágúst</b>		
<b>September</b>	Lesferill	Sérkennari/umsjónarkennari
<b>Október</b>		
<b>Nóvember</b>	Lesskilningspróf-Orðarún	Umsjónarkennari
<b>Desember</b>		
<b>Janúar</b>	Lesferill	Sérkennari/umsjónarkennari
<b>Febrúar</b>		
<b>Mars</b>		
<b>Apríl</b>		
<b>Maí</b>	Lesferill Lesskilningspróf-orðarún	Sérkennari/Umsjónarkennari Umsjónarkennari

## 5. bekkur - athuganir og viðmið

	A hópur - slakur	B hópur – miðlungs	C hópur - sterkur
Lesskiln.próf í feb.	0 – 30 %	31 – 59 %	60 – 100%
Lesskiln.próf í maí	0 – 30 %	31 – 59 %	60 – 100%
	90%	50%	25%
Lesfimiþróf	90 orð .	140 orð	160 orð

## 6. bekkur

Mánuður	Námsmat í 6.bekk	Umsjón
Ágúst		
September	Lesferill Talnalykill - hóppróf	Sérkennari/Umsjónarkennari Sérkennari
Október	Logos- lesskimun	Sérkennari
Nóvember	Lesskilningspróf-orðarún	Umsjónarkennari
Desember		
Janúar	Lesferill	Sérkennari/umsjónarkennari
Febrúar		
Mars		
Apríl		
Maí	Lesferill Lesskilningspróf-orðarún	Sérkennari/umsjónarkennari Umsjónarkennari

## 6. bekkur - athuganir og viðmið

	A hópur - slakur	B hópur - miðlungs	C hópur - sterkur
Athuganir			
Lesskilningspróf í nóv.	0 – 30 %	31 – 59 %	60 – 100%
Lesskiln.próf í feb	0 – 30 %	31 – 59 %	60 – 100%
	90%	50%	25%
Lesfimiþróf	105 orð	155 orð	175 orð
Logos	>15 röð		

## 7. bekkur

Mánuður	Námsmat í 7. bekk	Umsjón
Ágúst		
September	Samræmd próf	Umsjónarkennari / stjórnendur
Október	Lesferill	Sérkennari/umsjónarkennari
Nóvember	Lesskilningspróf- orðarún	Umsjónarkennari
Desember		
Janúar	Lesferill	Sérkennari/umsjónarkennari
Febrúar		
Mars		
Apríl		
Mái	Lesferill Lesskilningspróf- Orðarún	Sérkennari/umsjónarkennari Umsjónarkennari

## 7. bekkur - athuganir og viðmið

	A hópur - slakur	B hópur - miðlungs	C hópur - sterkur
Samræmt könnunarpróf	Undir 0 – 5	5 – 7	Yfir 7
Lesskilningspróf í nóv.	0 – 30 %	31 – 59 %	60 – 100%
Lesskiln. próf í feb	0 – 30 %	31 – 59 %	60 – 100%
	90%	50%	25%
Lesfimiþróf	120 orð	265 orð	190 orð

## 8. - 10. bekkur

Mánuður	Námsmat í 8. bekk	Umsjón
Ágúst		
September	Lesferill	Sérkennari/umsjónarkennari
Október		
Nóvember	Lesskilningspróf-Orðarún GRP 14 lagt fyrir 9. bekk	Umsjónarkennari Sérkennari
Desember		
Janúar	Lesferill	Sérkennari/umsjónarkennari
Febrúar	Hraðapróf	Umsjónarkennari

<b>Mars</b>	Samræmd próf í 9.bekk	Umsjónarkennari/stjórnendur
<b>Apríl</b>		
<b>Maí</b>	Lesferill Lesskilningspróf-Orðarún	Sérkennari/umsjónarkennari Umsjónarkennari

## 8. - 10. bekkur - athuganir og viðmið

	A hópur - slakur	B hópur - miðlungs	C hópur - sterkur
Samræmd próf í 10.b	0 – 5	5 – 7	yfir 7
Lesskilningspróf í nóvember			
GRP 9 lagt fyrir 9.bekk			
Lesskilningspróf í nóv	0 – 30 %	31 – 59 %	60 – 100%
Lesskilningspróf í maí.	0 – 30 %	31 – 59 %	60 – 100%
	90%	50%	25%
Lesfimiþróf 8.bekkur	130 orð	180 orð	210 orð
Lesfimiþróf 9.bekkur	140 orð	180 orð	210 orð
Lesfimiþróf 10.bekkur	145 orð.	180 orð	210 orð
Logos	>15 röð		

# Hugmyndabanki

- Lestarátak
- Lestrarfé
- Lestrarnámskeið samkv. “Heildstætt móðurmál” frá Njarðvíkurskóla
- Lestarátak með múrsteinum
- Lestarátak “laufblöð”
- Lestarátak í samvinnu við bókasafnskennara
- Markviss lestararkennsla, heildstætt móðurmál 6.bekkur
- Gagnvirkur lestur
- Bókaormur
- Ítarefni um lestur
- Lestrarstund á bókasafni – næturlestur
- „Lestu betur“ og „Lestu nú“ Þórdís Kristjánsdóttir/Guðni Kolbeinsson
- Lestrarnámskeið Kristínar Arnardóttur